Heimskringla.

VIII. ÁR. WINNIPEG, MAN., 8. DESEMBER 1894. NR. 49.

WINNIPEG Business College.

Verið viðbúin að nota ykkur kveldskólann, sem haldinn verður í sambandi við Winnipeg Business College og Shorthand-skólann, 492 Main Str. Þar verður kennt, þeim sem vilja, ensku-lestur, réttritun, málfræði, reikningur og skript. — Skólinn byrjar snemma í November.

Viðvíkjandi kennsluskilmálum snúið ykkur bréflega eða munnlega til kennaranna.

C. A. Fleming & Co.

HEIMSKRINGLA

Printing & Publishing Co.

heldur ársfund sinn á skrifstofu blaðsins, corner Ross Ave. & Nena St., Lugardagskveldið 29. þ. m., kl. 8.

Þar verða þá framlagðir reikningar félagsins, kosnir menn í stjórnarnefnd þess fyrir komandi ár og annað það fyrir tekið er hauðsyn kann til að bera.

Winnipeg, 7. Dec. 1894.

THE HKR. PRTG. & PUBL. CO.

J. W. FINNEY, forseti.

FRÉTTIR.

DAGBÓK.

LAUGARDAG, 1. DES.

Síðustu fregnir að austan segja Japanita í undirbúningi að hefja hergöngu sína til Peking. Er þar búist við stórorrustu nú á hverjum degi, hinni skæðustu, er þeir enn hafa háð, þar ekki efað að Japanítar beri sigur úr býtum.—Nú eru Japan blöðin farin að flytja ný landabréf, með Kínaveldi sundurliðuðu, sem eiga að vera almenut viðurkennd rétt að 10 árum liðnum, árið 1904. Skifta þeir veldinu þannig, að Japan hefir í hlut 10 stórhéruð og eyna Formosa; til málamynda er Korea sýnd sem sérstakt ríki; Bretar hafa 5 héruð, Þjóðverjar 2 og eyna Hainan, og Frakkar 3.

Nýr telegraph-þráður var í gær fullgerður frá Chicago til San Francisco; eign "Commercial Cable" félagsins.

Lávarður Charles Stanley Monk, lézt í Lundúnum í gær 75 ára gamall. Hann var landstjóri í Canada frá 1861 til 1868.

Í gær lézt og í Lundúnum Sir Charles Newton, nafnfrægur fornfræðingur, er útvegaði brezka safninu mikið af merkum munum úr rústum í Litlu-Asíu og Miðjarðarhafseyjunum. Hann var 79 ára gamall.

MÁNUDAG, 3. DES.

John Burns, fulltrúi verkmannafélaga á Englandi á þingi Breta, kom til New York í gær. Ætlar hann að ferðast um og flytja fyrirlestra; — er mögulegt að hann fáist til Winnipeg, þó ekki sé það enn víst.

250 000 Kínverjar eiga að standa fyrir Japönum á göngu þeirra til Peking.

Í gær var vígður telephone-þráður, er nú samtengir Berlín og Vínarborg. Þeir keisararnir töluðust við.

VEITT

HÆSTU VERÐLAUN A HEIMSSÝNINGUNNI

DR. PRICE'S CREAM BAKING POWDER

ID BEZT TILBÚNA.

Oblönduð vínberja Cream of Tartar Powder. Ekkert álún, ammonia eða önnur óholl efni.

40 ára reynzlu.

Illræðisverk halda áfram í Armeníu enn, en ekki í jafnstórum stíl og þá er fyrst fréttist. Sagt er að af þeim leiði, að Bretar styðji Rússa til að taka Armeníu af Tyrkjum, móti því loforði að Rússar styðji Englendinga í þeirra egyfska máli.

ÞRIÐJUDAG, 4. DES.

54. congress Bandaríkjanna kom saman í Washington í gær. Ávarp Clevelands forseta var ordmargt að venju, enda efnismikil ritgerð. Í því bað hann þingið um meiri toll-lækkun og fullt afnám tolls á kolum og járni. Bankalögum öllum og fyrirkomulagi vill hann að sé breytt, að miklu leyti samkvæmt fyrirsamþyktum á bankastjóra-ársþingi í Baltimore í síðastl. Ágúst. Viðskifti Bandaríkja við aðrar þjóðir væru ekki eins þægileg nú og í fyrra. Tekjuhalli á síðastl. fjárhagsári var alls $39,803,259.58. Í póststjórnardeildinni var tekjuhallinn nærri 80 milj. Kröfum ráðherranna um að auka heraflann og herþúning bæði á sjó og landi er forsetinn samþykkur. Allsherjar heilsuumsjónarnefnd vill hann að sé stofnuð tafarlaust, er ekki hafi annað á hendi en að verja landið fyrir drepsótt um.—Á árinu seldi stjórnin (og gaf) nærri 10½ milj. ekrur af landi. Tekjurnar fyrir það voru 32½ milj. rúmlega. Fram sagði hann komið, að ekki hefði verið vanþörf á eftirliti í eftirlaunadeildinni, því nú væri sannað að stórkostleg eftirlaunasvik hefðu verið höfð í frammi. Fyrir þetta nákvæma eftirlit hefði stjórnin nýtt eftirlauna-gjöldin yfir 25 milj. dollars á árinu.

Jarlinn af Jersey, sendiherra Breta á nýlendnaþinginu í Ottawa í sumar, hefir nú afhent stjórninni fundarskýrslu sína. Er sagt hann sé samþykkur því, er viðtekið var á þinginu og mælir með fjárframlögum til bæði Huddarts-línunnar fyrirhuguðu og til hafþráðarlagningar milli Canada og Ástralíu.

Vetur er gengin í garð í norðurhluta Kínlands, segir fregn til Lundúna, og er því bætt við, að Japanítar megi hraða sér, ef þeir ætli að herja á Peking á þessu ári, því innan skamms verði þeir að hætta sóknini sökum vetrarkuldans.—Frá Yokohama er sagt að Japanítar muni ekki sljóa ófriðnum, nema Kínv. greiði þeim að minnsta kosti 300 milj. dollars í skaðabætur.

850 milj. skuldabréf Bandaríkja eru öll seld, og fékk stjórnin fyrir þau alls $50,409,425,50. Afgjaldið er 5%.

MIÐVIKUDAG, 5, DES.

Í gær lagði fjármálastjóri Bandaríkja ársskýrslu sína fyrir congress. Í henni gerir hann ráð fyrir 20 milj. tekjuhalla á yfirstandandi fjárhagsári. Hann mælir með að minnkuð sé selveiði við Pribyloff-eyjar í Bæringssundi og fer fram á, að stjórn Bandaríkja sé gert hægra fyrir með að taka peninga til láns og að hún ekki sé einskorðuð við að gjalda ákveðna vöxtu af lánsfé.

Í gær veitti congress $75,000 til að kaupa 3000 ekrur af landi á sviðinu þar sem hin mikla Shilo-orusta var háð í innanríkisstríðinu. Á að helga þjóðinni þann blett, sem skemtistað.

Í tilefni af því að Japanítar gerðu sendimann utanríkisdeildarinnar í stjórn Kínaveldis afturræka, þegar hann kom til að biðja um frið